

LÖG

um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegrri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 9. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra sem í hlut á, í samræmi við löggjöf og reglur um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, er heimilt að gefa út reglugerðir með samsvarandi hætti og segir í 2. mgr. fyrir þær starfsstéttir sem undir hann heyra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 25. júní 2012.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.